Almenn slysa- og örorkutrygging

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita vátryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Vátryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.

Vátryggður: Sá einstaklingur sem vátryggingin tekur til.

Vátryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Vátryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður.

Rétthafi: Sá sem vátryggingartaki tilgreinir í vátryggingarsamningi og á rétt til þess að fá vátryggingarfjárhæðina greidda eftir að vátryggingaratburður hefur orðið.

Aðalgjalddagi: Aðalgjalddagi vátryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem vátryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

1. GR. INNGANGUR

Vátrygging þessi er slysatrygging. Grundvöllur vátryggingar-samningsins er skilmálar þessir, upplýsingar á vátryggingar-umsókn, önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda varðandi þau atriði sem ekki eru ákvæði um í vátryggingarskilmálum þessum.

2. GR. GILDISTÍMI OG ALDURSTAKMÖRK

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Vátryggingin gildir frá útgáfudegi, að hámarki til 67 ára aldurs vátryggðs. Félagið vátryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára.

Vátryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til að segja vátryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

3. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

4. GR. SKYLDUR VÁTRYGGÐS Á VÁTRYGGINGARTÍMANUM

Tilkynna ber skriflega sérhverja breytingu sem kann að verða á starfi eða búsetu vátryggðs, eða öðrum atriðum sem fram koma í umsókn og varða áhættu félagsins. Félagið mun í þeim tilvikum dæma um hvort vátryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum. Dveljist vátryggður erlendis í meira en hálft ár í senn, er félaginu heimilt að segja upp vátryggingunni fyrirvaralaust.

Vanræki vátryggður að tilkynna um slíka breytingu, leysist félagið úr ábyrgð samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Falli vátryggingin niður eða iðgjald breytist vegna áhættubreytingar, endurreiknast iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

5. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Fyrsta iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga við gildistöku vátryggingarinnar. Endurnýjunariðgjald fellur í gjalddaga á endurnýjunardegi vátryggingarinnar.

Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Iðgjöld sem greidd eru innan 15 daga frá gjalddaga teljast greidd á réttum tíma. Greiðslufrestur er minnst 30 dagar frá því að félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Félaginu er heimilt að segja upp vátryggingarsamningi með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga. Í því tilviki skal vátryggingartaki hafa 14 sólarhringa frest til þess að greiða ógreitt iðgjald, en að öðrum kosti fellur tryggingin úr gildi.

Ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga skal vátryggingartaki greiða dráttarvexti á iðgjaldi í vanskilum og allan vanskilakostnað sem af vanefndum hans hljótast, þ.m.t. kostnað vegna vanefndatilkynninga og lögfræðiinnheimtu.

6. GR. ENDURNÝJUN OG UPPSÖGN

Vátryggingin endurnýjast á aðalgjalddaga til eins árs í senn, hafi henni ekki verið sagt upp. Hyggist félagið ekki framlengja vátrygginguna fram yfir þann tíma skal það tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda.

Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímanum. Vátryggingunni skal sagt upp skriflega.

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt vátryggingunni.

7. GR. VÁTRYGGINGIN BÆTIR

Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, samkvæmt vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum þessum, enda leiði það til:

- Tímabundins missis starfsorku.
- Varanlegrar örorku.

Með orðinu “slys” er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess, sem vátryggður er, og gerist án vilja hans.

Krafa um bætur eða vátryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

8. GR. BÆTUR VIÐ TÍMABUNDINN MISSI STARFSORKU

Valdi slys vátryggðum tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum bótalauss tíma (sjá 11. gr.) og svo lengi sem tímabundinn starfsorkumissir varir að mati trúnaðarlæknis félagsins, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki fyrir tímabilið að loknum 2 árum frá slysdegi.

Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Ekki eru greiddar bætur vegna tímabundins missis starfsorku eftir að ástand hins slasaða er orðið varanlegt að mati trúnaðarlæknis félagsins.

9. GR. BÆTUR VEGNA VARANLEGRAR ÖRORKU

Valdi slys á gildistíma tryggingarinnar vátryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð, greiðast bætur á grundvelli grunnvátryggingarfjárhæðar örorku á slysdegi sbr. 15. gr.

Varanlega örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer

fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig, skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Varanleg örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Vegna 100% varanlegrar örorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega.

Lægri varanleg örorka en 20% bætist ekki.

Missir eða bæklun á útlim eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlim eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

Ef slasaði deyr áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast ekki bætur fyrir varanlega örorku.

10. GR. TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ FÉLAGSINS

Vátryggingin bætir ekki afleiðingar af völdum slysa sem:

- Vátryggður kann að verða fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis,
- verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþóttum,
- verða við fjallaklifur, bjargsig, hnefaleika, glímu- og bardagaíþróttir, akstursíþróttir, fallhlífarstökk, froskköfun og teygjustökk,
- verða í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda. Sama gildir um slys sem verða í svif- og drekaflugi,
- vátryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða fíkniefna eða í ölæði, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins,
- verða vegna stórkostlegs gáleysis vátryggðs,
- beint eða óbeint má rekja til ástands hins slasaða fyrir töku vátryggingarinnar,
- orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu eitur- eða nautnalyfja,
- verða vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.

11. GR. BÓTALAUS TÍMI

Með bótalausum tíma er átt við það tímabil frá slysdegi sem samkvæmt vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða, áður en dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

12. GR. SKYLDUR VÁTRYGGÐS VIÐ TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að vátryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og, ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefnir.

Rétthafi glatar rétti til bóta ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Hafi sá sem leggur fram kröfu um greiðslu bóta úr vátryggingu þessari veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við tjónsuppgjör, sem hann veit eða má vita að leitt geti til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt á, glatar hann rétti til krafna á hendur félaginu, að öllu leyti eða að hluta, sbr. XVIII. kafla laga nr. 30/2004. Hafi sá sem á kröfu um bætur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar getur félagið ennfremur sagt upp öllum vátryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara.

13. GR. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLYSS

Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

14. GR. VÍSITÖLUBINDING VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐA OG IÐGJALDS

Vátryggingarfjárhæðir þær sem tilgreindar eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu. Grunnvísitala er vísitala neysluverðs útgefin í mánuðinum á undan útgáfumánuði/aðalgjalddaga.

Iðgjald breytist í samræmi við breytingar vátryggingarfjárhæða.

Lækki vísitalan, hefur það hvorki áhrif til lækkunar vátryggingarfjárhæða eða iðgjalds.

15. GR. VÍSITÖLUBINDING BÓTAFJÁRHÆÐA

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með breytingum á vístölu neysluverðs í byrjun næsta mánaðar á undan eins og hér segir:

Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku vari þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vístölunnar frá slysdegi.

16. GR. FYRNING

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

17. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Ágreining um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir Tjónanefnd vátryggingarfélaganna, málskotsaðila að kostnaðarlausu. Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti þeirra veitir félagið.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

18. FRESTUR TIL LÖGFRÆÐILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu.

19. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem rísa kunna vegna vátryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar nr. EA1033
Gilda frá og með 01.01.2006
Var áður AA139